



Opinn fundur fyrir nemendur með stjórnendum skólans og stjórnendum NFFG haldinn miðvikudaginn 6. febrúar 2013 kl. 10:35-11:25 í Urðarbrunni.

Kristinn Þorsteinsson, (K.Þ.), skólameistari, setti fundinn og fór yfir eftirfarandi atriði sem búið er að framkvæma frá síðasta opna fundi á haustönn:

- Það er hægt að kaupa kort til að nota í mötuneytinu.
- Búið að stækka sviðið.
- Búið að teikna stækkun við þakið á hjólaskýlinu, famkvæmt í vor.
- Nú er opin nettenging á opnum svæðum í skólanum.

Tinna Arnardóttir og Fríða Gylfadóttir í Imbrunefnd kynntu Imbruna og sýndu kynningarmyndband. Allir nemendur eiga að velja sér þrjá atburði og þemað verður Bretland.

NFFG sýndi stutt kynningarmyndband um árshátíðina og söngleikinn.

K.Þ. Hvetur nemendur til að vera snemma í því að kaupa miða í matinn á árshátíðinni þar sem færri komast að en vilja.

Petrún Björg Jónsdóttir forvarnafulltrúi minnti nemendur á að skemmtanir í skólanum eru áfengislausar og að ölvun ógildir miða á ball. Nefndi einnig að við þyrftum ekki að hafa miklar áhyggjur þar sem flestir nemendur eru flottir og skemmtilegir.

Fyrirspurn úr sal, (F.sp.) – Er hægt að fá posa í matsölu nemenda þar sem það er dýrt að taka úr hraðbanka.

K.Þ. – Tekið til athugunar.

F.sp. – Salat kostar um 700 kr. Borgar sig að borða óhollt. Vill láta selja nammi og gos til að borga niður hollari mat.

KÞ – Áréttar að það er ekki dýrt í mötuneytinu samanborið við önnur slík.

F.sp. – Starfsbrautin er einangruð frá öðrum nemendum í skólanum, vilja kynnast öðrum nemendum.

NFFG – Hvetur starfsbrautina til að mæta á atburði á vegum NFFG.

KÞ – Hvetur alla til að taka vel á móti starfsbrautarnemendum sem eru mikilvægur hluti FG.

F.sp. – Hvað verður í matinn á árshátíðinni?

NFFG – Þrjár tegundir af kjöti og súpa í forrétt.

KÞ – Málþing verður haldið í skólanum kl.16 í dag. 90 nemendum boðið að taka þátt – ennþá nokkur laus pláss.

F.sp. – Af hverju ekki skráð veikindi minna en heilan dag?

K.Þ. – Of margar augljóslega rangar veikindatilkynningar. Önnuðum ekki allri þessari skráningu. Mesta vandamálið í framhaldsskólakerfinu er skólasókn.

F.sp. –Vantar stíg frá strætóskýlinu inn á skólalóðina.

K.Þ. – Komum þessu á farmfæri við bæjaryfirvöld.

F.sp. – Tillaga: Styttu frímínútur og tíma svo nemendur séu fyrr búnir á daginn.



K.Þ. – Erfitt að koma öllum fyrir í skólanum ef taflan væri stytta. Ekki leyfilegt að stytta tímana þ.e. það er ákveðinn tímafjöldi á bak við eininguna. Skoða málið.

F.sp. – Má stytta hádegishlé á föstudögum?

K.Þ. – Ef nemendur safna nógu mörgum undirskriftum skoðum við málið.

F.sp. – Of mikið að vera í skólanum frá kl. 8.10-16.20 og svo heimanám.

K.Þ. – Nemendur ættu að geta nýtt sér eyður til að læra en ef nemendur eru að taka meira en fullt nám (ca. 18 ein.) þá er það eins og yfirvinna og þarf að leggja meira á sig.

F.sp. – Viljum fleiri senda á allar hæðir til að styrkja merkið fyrir internetið.

K.Þ. – Skoðum málið.

F.sp. – Af hverju má ekki taka fleiri en 23 einingar.

K.Þ. – Hámark 25 einingar en miðað er við fullt nám sé 6 bóklegir áfangar + íþróttir. Ef nemendur standa sig vel fá þeir að taka fleiri áfanga.

F.sp. – Er hægt að láta salta bílaplanið?

K.Þ. – Skoða það í samráði við Garðabæ.

F.sp. – Mismunandi vinna á bak við einingarnar fyrir DLT.

K.Þ. – Tannhjólið verður allt að virka jafn vel og því er sama vægi fyrir öll störf in í DLT.

F.sp. – Of mikil heimavinna.

K.Þ. –Nota eyðurnar.

F.sp. – Af hverju er hálf tannhjóstig fyrir seinkomu?

K.Þ. – Til þess að kenna nemendum að mæta á réttum tíma.

F.sp. – Viltu afnema mætingarskyldu?

K.Þ. – Nei, höfum reynt það og það gekk ekki.

F.sp. – Af hverju fáum við ekki íþróttaiðkun metna?

P.B.J. – Viljum virkja sem flesta og höfum fordæmi um að nemendur eru ekki að gera það sem þeir eiga að vera að gera.

F.sp. – Er hægt að taka tillit til þeirra sem eru með ofnæmi, t.d. fyrir hnetum, í árshátíðamatnum?

NFFG – Senda inn athugasemd til NFFG.

NFFG meðlimur – Við vitum fyrirfram þegar við sækjum um skólann að það er mætingarskylda, svo njótið þess að vera í skólanum.

F.sp. – Er hægt að fá nettengingu í símann?

K.Þ. – Takk fyrir þátttökuna, fundi slitið.

Ritari :

Snjólaug E. Bjarnadóttir, áfangastjóri